

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólsgrötu 7
101 Reykjavík

Reykjavíkflugvelli, 26. ágúst 2019

Efni: Tillaga að skipulagsreglum fyrir Keflavíkflugvöll - Umsögn Isavia.

Eftirfarandi eru athugasemdir Isavia ohf við tillögu að skipulagsreglum Keflavíkflugvallar sem birt voru í samráðsgáttinni 19. júlí 2019.

1. Isavia ohf gerir athugasemd við síðustu málsgrein 2 gr. A hluta, að það skuli vera sett í skipulagsreglur Keflavíkflugvallar, en þar segir: „Þá skal rekstraraðili flugvallarins tryggja almenningssamgöngum greiðan aðgang að flugstöðinni, veita notendum þeirra skjól fyrir veðrum og greinargóðar leiðbeiningar um aðgengi að þeim. Leiðbeiningar sem veittar eru skulu fáanlegar á íslensku í samræmi við lög nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. Ef leiðbeiningarnar eru á textaformi skal íslenska vera fyrsta mál og í stærstu leturgerð.“

Það er mat félagsins að slík ákvæði eigi ekki heima í skipulagsreglum og leggur það til að ákvæðið verði felld út tillögunni enda skortir ráðuneytið lagaheimild til setningar þess.

Þegar lögum um loftferðir var breytt árið 2006, (5 gr. nr. 670/2006) voru settar í 59. gr. viðbótarákvæði til að styrkja lagagrundvöll fyrir skipulagsreglur innan flugvallar. Viðbótin hljóðar svo: „**Skipulagsreglur skulu m.a. geyma fyrirmæli um skipulag innan flugvallarsvæðis, starfsheimildir, starfsemi og umferð innan svæðisins auk fyrirmæla um það svæði utan flugvallar þar sem rétt er að setja takmörkun á hæð mannvirkja og annarra hluta, t.d. húsa, stanga og trjáa, eða takmörkun á meðferð fasteigna eða hluta, t.d. að því er varðar leiðslur eða atvinnurekstur, enda séu slíkar kvaðir nauðsynlegar í þágu almenns öryggis. Kveða skal glögggt á um mörk þess svæðis sem skipulagið tekur yfir.**“

Félagið telur fráleitt að hægt sé að túlka þetta ákvæði loftferðalaga þannig að á grundvelli þeirra sé hægt að setja almenn fyrirmæli til rekstraraðila flugvallar um hvernig þjónustu eða aðstöðu við almenningssamgöngukerfið á landi eigi að vera. Tilgangur ákvæðisins er að tryggja að setja megi á kvaðir á umferð innan og utan flugvallar sem nauðsynlegar eru í þágu almenns öryggis í flugi, en ekki til að ákveða þjónustustig eða umfang aðstöðu tilgreindra samgöngumáta við Flugstöð Leifs Eiríkssonar eða setja flugvællinum reglur um tungumál eða leturstærð á skiltum. Fyrir þessu er ekki lagastoð.

Lagt er til að 4 mgr. 2, gr. A verði felld út úr skipulagsreglunum.

2. Varðandi hæðartakmarkanir á mannvirkjum og öðrum hlutum í hindranaflötum flugvallarins telur félagið að skerpa þurfi á reglunum með því að umorða grein 2B þannig:

„Á uppdráttum I til III er gerð grein fyrir hindranaflötum flugvallarins, sem fela í sér hæðartakmarkanir á hverskonar mannvirkjum, *búnaði* eða gróðri innan og í nágrenni við flugvallarsvæðið og á áhrifasvæði flugvallarins.“


„Óheimilt er að reisa hvers konar mannvirki eða *búnað*, tímabundið eða varanlega, upp fyrir hindranaflæti flugvallarins sem gerð er grein fyrir á uppdráttum, nema að fengnu samþykki Samgöngustofu að undangenginni umsögn rekstraraðila flugvallarins.“

Bætt er við orðinu „búnaði“ en félagið telur að þessar málsgreinar óbreyttar séu of þröngt skilgreindar þar sem ekki er tekið tillit til alls þess sem getur risið upp á hindranaflötum flugvallarins en þar er fyrst og fremst átt við krana (turnkrana/byggingarkrana/bílkrana) en töluvert er um notkun slíkra tækja í nágrenni flugvallarins.

Nauðsynlegt er því að tryggja að í reglunum sé ákvæði sem banni að laus búnaður verði reistur í nágrenni flugvallar án heimildar enda er það í samræmi við 59. gr laga um loftferðir þar sem heimilað er að *setja takmörkun á hæð mannvirkja og annarra hluta*.

Virðingarfyllst,

Fh. Isavia ohf.



Sveinbjörn Indriðason forstjóri

Afrit: Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar